



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 16. desember 2020



Níundi fundur 63 stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal E, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 16. desember 2020 kl. 12.00.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Daði Hafþórsson, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. A landslið karla
RG kynnti stöðuna á verkefni A landsliðs karla í janúar.
3. Framhald æfinga og keppnisbanns
RG kynnti niðurstöðu formannafundar sem fram fór þriðjudaginn 15. Desember. RG lagði til við stjórn að mótanefnd muni vinna eftir því plani sem lagt var fyrir fundinn en nánari ákvarðanir verði teknar í janúar þegar framhald faraldursins liggur frekar fyrir.
4. Handknattleiksfólk ársins
Ákveðið var að útnefna Aron Pálmarsson og Steinunni Björnsdóttir handknattleiksfólk ársins 2020. Bæði eru þau frábærar fyrirmyndir og vel að þessu komin.
5. Samningur við Genius Sports
Ákveðið var að koma á fundi með GBO og DBG með Genius þar sem þeirra starfssemi yrði kynnt og ákvörðun tekin í framhaldi.
6. Önnur mál
GBO kynnti fyrir stjórn að Lengjan ákvað að styrkja Olís deildar lið um kr.300.000.-
Þá hefur frumvarp um lokunarstyrki verið afgreitt úr velferðarnefnd með verktakagreiðslur inni og vonandi verður það samþykkt á Alþingi fyrir jóla.

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 6. janúar kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari